



Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2018.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (stjórn álaveiða) 215. mál.

Tilv. 2016030028

Bændasamtök Íslands fengu sent til umsagnar frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (stjórn álaveiða), 215. mál, 1. mars sl. frá atvinnuveganefnd Alþingis. Frestur til að skila inn umsögn var veittur til og með 13. mars. Bændasamtökin vilja koma eftirfarandi athugasemdum um frumvarpið á framfæri.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða), er lagt til að lögfest verði ákvæði um að ráðherra geti með reglugerð sett reglur um álaveiðar, m.a. um að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um nauðsyn þess að ráðherra hafi heimild í lögum til að banna eða takmarka álaveiðar.

Haft var samráð við Bændasamtökin um mitt ár 2016 vegna hugmynda sem voru til umræðu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um alfriðun áls á Íslandi. Stjórn Bændasamtakanna fjallaði um málið og var afstöðu samtakanna til þess komið á framfæri við ráðuneytið með bréfi dags. 2. maí 2016. Bændasamtökin vilja ítreka það sem þar kom fram. Samtökin draga ekki í efa mat alþjóðastofnana á ástandi álastofnsins en þá er hins vegar ljóst sú staða er ekki tilkomin vegna óábygrgra veiða hérlandis, þó hún sé og hafi verið stunduð í takmörkuðum mæli. Bændasamtökin telja fyrirætlanir um að veita ráðherra heimild með lögum til að banna eða takmarka álaveiðar, heilt yfir eða á afmörkuðum svæðum, með þeim hætti sem lýst er í frumvarpinu ganga langa mun lengra en þörf krefur. Í 20. gr. laga um lax- og silungsveiði er að finna heimild til handa Fiskistofu til að setja reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir á álaveiðum í einstökum veiðivötnum. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem nú er til umsagnar er fjallað um þessa heimild. Þar er m.a. vísað til þess að Fiskistofa hafi ekki heimild til að breyta þeim nýtingaráætlunum sem þegar hafa verið settar af veiðifélögum, séu þær ekki með því efni sem telja verður rétt eða æskilegt. Nýtingaráætlanirnar geti aðeins mælt fyrir um tímabundið og staðbundið bann á vatnasvæði viðkomandi veiðifélags, auk þess sem ekki séu starfandi veiðifélög á öllum svæðum þar sem áll veiðist. Bændasamtökin benda á að í ákvæðinu er þegar gert ráð fyrir að ekki séu starfandi veiðifélög á öllum veiðisvæðum, í þeim tilvikum setji veiðiréttarhafar reglurnar og telja samtökin heimildina í 20. gr. laganna nægilega til tímabundinna friðanna. Því þurfi ekki að taka fyrir hendur veiðifélaga eða veiðiréttarhafa með þessum hætti. Eðlilegra væri að skýra réttindi og skyldur veiðifélaga/veiðiréttarhafa í tengslum við setningu nýtingaráætlana og mögulega mæla fyrir um rýmri heimildir til handa Fiskistofu til íhlutunar í ákveðnum tilvikum.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að þar sem um sé að ræða sérstaka lagaheimild til að setja reglur sem banna eða takmarka álaveiðar sem gilda jafnt fyrir alla, m.a. á tilteknum svæðum, og þar sem ríkir almannahagsmunir krefjast þess að þær verði settar, er ekki talið að ákvæðið brjóti gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er jafnframt vísað til fyrri umsagnar Bændasamtakanna og í kjölfarið tekið fram að mjög litlar upplýsingar liggi fyrir um álaveiðar hér á landi en að talið sé að þær séu stundaðar að einhverju leyti. Ekki verði þó talið að þar sé um að ræða mikla hagsmuni. Bændasamtökin gera athugasemdir við ofangreindar staðhæfingar og telja skorta á annars vegar að sýnt hafi verið fram á að núgildandi ákvæði sé ekki fullnægjandi til að ná markmiðum um vernd alastofnsins hér á landi og hins vegar að ríkir almannahagsmunir krefjast þess að umrædd heimild verði sett í lög og réttlæti skerðingu á eignarrétti og atvinnufrelsi veiðiréttarhafa.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir